VÍSIR

65. árg. — Miðvikudagur 3. september 1975 — 199. tbl.

FLEIRI SKULDABRÉF Í OKTÓBER

Í haust verða gefin út á vegum ríkissjóðs verðtryggð skuldabréf að upphæð um 300 milljónir króna. Verða skuldabréfin líklega sett á markað síðari hluta októbermánaðar og hafa þá verið gefin út á þessu ári verðtryggð skuldabréf að fjárhæð rúmlega 1.200 milljónir króna. Þegar hafa verið seld bréf af 1. flokki 1975 að upphæð rúmlega 900 milljónir króna, en þau sem gefin verða út í október verða af 2. flokki 1975.

Á þessu ári verða innleyst verðtryggð skuldabréf frá árinu 1965, að upphæð rúmlega 700 milljónir króna og nemur því viðbótarlán það, sem ríkissjóður tekur á þessu ári, með útgáfu bréfanna, að minnsta kosti 500 milljónum.

Áætlað var, að á þessu ári yrðu gefin út skuldabréf að fjárhæð um 1.400 milljónir.

—HV

Mikil breyting á tollafgreiðslu farþega —

TVÖ HLIÐ: „SEKIR, SAKLAUSIR"

Næstkomandi mánudag verður tilhögun breytt á tollafgreiðslu farþega, sem koma um Keflavíkurflugvöll inn í landið.

Meginbreytingin á tollafgreiðslunni verður sú, að í stað þess, að allir farþegar gangi um sama hlið og séu háðir eftirliti tollþjóna, eins og nú er, fer tollafgreiðsla framvegis um tvenns konar hlið, annað ætlað þeim, sem ekki hafa meðferðis tollskyldan varning, en hitt þeim, sem hafa tollskyldan varning meðferðis.

Þá verða einnig hert viðurlög við tilraunum til að smygla tollskyldum varningi inn í landið og afnumin sú venja, sem ríkt hefur, að farþegar geti greitt toll af þeim varningi, sem þeir hafa umfram leyfilegan innflutning.

Hlið það, sem ætlað er tollvarningslausum farþegum, verður merkt grænu, áthyrndu skilti, sem letrað er á „Enginn tollskyldur varningur". Þar um eiga að fara allir þeir, sem ekkert hafa umfram skammtinn sinn, og um leið og þeir ganga um hliðið, teljast þeir hafa svarað spurningunni sigildu, sem venjulega hefur verið borin fram af tollþjónum.

Teljast farþegarnir þá ábyrgir fyrir öllu því, sem finnast kann í fórum þeirra og allt sem umfram er af vörum og varningi telst smygl. Verður það gert upptækt á staðnum og viðkomandi sektaður um upphæð, sem jafngildir verðmæti varningsins.

Eftirlit með „græna hliðinu" verður fólgið í nokkuð tíðum en óreglulegum skyndikönnunum og er talið, að tolleftirlit muni sízt árangursminna með því móti en verið hefur.

Fyrirkomulag þetta er notað víða erlendis og þykir árangur af því mjög góður.

Þeir farþegar, sem meðferðis hafa tollskyldan varning, eiga aftur á móti að ganga um hlið, sem merkt er rauðu, ferhyrndu skilti, með áletruninni „Tollskyldur varningur". Tollafgreiðsla fer þar fram á sama hátt og tíðkazt hefur á Keflavíkurflugvelli til þessa.

Tollskyldur telst allur sá varningur sem farþegi hefur meðferðis, umfram leyfilegt undanþágumagn.

Hver farþegi má koma með varning fyrir allt að 14.000 krónum, en þar af má þó andvirði annars varnings en fatnaðar ekki nema meiru en helmingi upphæðarinnar, eða 7.000 krónum. Andvirði matvæla og sælgætis má ekki nema meiru en 1.400 krónum.

Undanþegin þessu ákvæði eru þó myndavélar, sjónaukar, útvarpstæki og segulbandstæki, en andvirði þeirra má nema allt að 2/3 hlutum heildarupphæðarinnar, eða rúmlega 9.000 krónum.

Börn innan tólf ára aldurs njóta engra friðinda í tollinum, þannig að ekki tjóir að reyna að fá toll út á þau.

— HV

„800 gætu séð landinu fyrir kjöti og mjólk"


sjá baksíðu



Var MM myrt?


— Sjá bls. 5

Votta De Valera hluttekningu



Fram hefur verið lögð á ræðismannsskrifstofu Írlands í Lágmúla 9 í Reykjavík bók til undirskriftar fyrir þá, sem vilja votta fjölskyldu Eamon de Valera, fyrrum forseta írska lýðveldisins, samúð vegna andláts hins 92 ára gamla leiðtoga. — Jarðarför hans fór fram í Dublin í gær.

Myndin hér var tekin undir hádegið, þegar Ásgeir Magnússon, ræðismaður, var að skrifa nafn sitt í bókina, en hún liggur frammi öðrum til undirskriftar frá kl. 2-4 á daginn.



Ljós á Kjarvalsstöðum

Þessi mynd er ein af öllum þeim fjölda mynda, sem nú er verið að setja upp á Kjarvalsstöðum. Þeir höfðu lítið sofið félagarnir þrír í ljósmyndaklúbbnum Ljós í morgun. Sýningu á að opna klukkan fimm í dag á 100 svart/hvítum myndum og 52 stækkuðum litmyndum.

Svart/hvítu myndirnar eiga Pjetur Maack, Kjartan Kristjánsson og Gunnar Guðmundsson. Gestur sýningarinnar er Mats Wibe Lund, sem á litmyndirnar. Þetta er þriðja sýning klúbbsins, og um leið sölusýning.

Stór hluti myndanna er tekinn erlendis en einnig eru margar myndanna héðan. Sýningin stendur svo frá deginum í dag til 16 september og er opin frá 4-10 alla daga.

-EA/Ljósm.: Kjartan Kristjánsson.

Réðist á 9 ára dreng

Tuttugu og sex ára gamall maður réðist í gær á níu ára dreng fyrir utan söluturn í Safamýri í Reykjavík og misþyrmdi honum. Ennfremur skemmdi maðurinn hjól drengsins mikið og vann skemmdarverk á dráttarvélargröfu, sem stóð þar nærri.

Maðurinn var drukkinn og hafði verið við drykkju ásamt föður sínum, en eiginkona hans hafði verið að aka þeim feðgum um bæinn. Upphaf árásarmálsins var, það að manninum sinnaðist við annaðhvort föður sinn eða eiginkonu, en þeim ber ekki saman um hvort heldur var.

Barnið, sem maðurinn réðst á, ber að hann hafi barið sig, án þess að hafa minnstu ástæðu til. Voru áverkar á annari augabrún barnsins eftir árásina, og ennfremur kvartaði það um þrautir í handlegg.

Maðurinn og faðir hans gistu fangageymslu lögreglunnar í nótt, og staðfesti faðirinn frásögn annarra vitna af þessari fólskulegu árás á drenginn.

— HV